

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpstöð Rangárvallasýslu Strönd



Dags eftirlits	28.10.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Sorpstöð Rangárvallasýslu	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Suðurlandsvegi 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	600893-2469	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Bárðarson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	690508,452 590016,913

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram komu sex frávik frá kröfum starfsleyfis rekstraraðila. Varða frávikin móttöku (og geymslu sbr. eldra frávik) raflínukefla þar sem líkur eru að farið sé frammúr móttökuheimildum starfsleyfis sem og því að móttaka á slíkum úrgangi fellur ekki undir móttökuvíðmið starfsleyfis. Varðar annað frávik við urðun á virkum úrgangi, þ.e urðun á timbri, þriðja og fjórða frávik við varðar urðun lífræns úrgangs án söfnunar sigvants og hauggass. Fimmta frávik við varðar að magn móttekins úrgangs kemur í veg fyrir að ekki sé hægt að fyrirbyggja fok og ónæði út frá starfsemi rekstraraðila og að lokum að vöktun fer ekki fram í samræmi við starfsleyfi á sigvatni og hauggasi vegna urðunar á lífrænum úrgangi.

Ekki hefur verið hægt að loka frávik frá árinu 2020 er varðar urðun á lífrænum úrgangi án uppfylltra krafna í starfsleyfi þar sem ekki er búið að uppfylla öll þau skilyrði sem koma fram í starfsleyfi vegna urðunar á slíkum úrgangi. Umhverfisstofnun áréttar að sinni rekstraraðili ekki úrbótum vegna frávika hefur stofnunin heimild til að beita þvingunarúrræðum, sbr. XVII. kafla laga nr. 7/1998 og gr. 1.3 í starfsleyfi rekstraraðila. Þvingunarúrræði fela í sér m. a. áminningu, dagsektir og stjórnvaldssektir. Hefur stofnunin einnig heimildir til að stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða og ef ekki er sinnt úrbótum innan tiltekens frests.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með móttöku-, flokkunar- og urðunarstað Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. að Strönd í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Strönd hefur heimild til að taka á móti allt að 6.350 t af úrgangi á ári, þar af 5200 t til meðhöndlunar á Strönd. Heimild til urðunar á ársgrundvelli er 2.500 t af óvirkum úrgangi, heimild til jarðgerðar er 2.200 t á ári (1400 t ef heimild til urðunar á lífrænum úrgangi sé nýtt þá lækkar heimildin niður í 1.400 t). Heimilt er að urða 800 t af lífrænum úrgangi á ári (að uppfylltum skilyrðum). Starfsleyfi var upphaflega gefið út 16.03.2016, síðasta breyting fór fram þann 3.11.2021. Gildistími starfsleyfis er til 16.03.2032.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Vatnamál
- Fyllingar
- Mengaður jarðvegur
- Önnur atriði
- Skoðunarferð yfir rekstarsvæðið

Eftirlit fór síðast fram árið 2023 og komu þá fram fjögur frávik frá starfsleyfi. Varðaði fyrsta frávik við niðurrif ökutækja á ómalbikuðu undirlagi, annað frávik við varðaði ófullnægjandi frágangi á olíuefnum inn á urðunarstað sem m.a. lágu við akstursleið og voru án árekstrarvarna. Þriðja frávik við varðaði geymslu spilliefni ekki til samræmis við starfsleyfi og fjórða frávik við varðaði að úrvinnsla ökutækja færi fram á Strönd. Slík starfsemi er starfsleyfisskyld starfsemi og samræmdist ekki starfsleyfi rekstraraðila og því óheimilt að starfa án slíkrar heimildar. Opin eru þrjú eldri frávik frá árinu 2020 og varðar urðun á lífrænum úrgangi án uppfylltra krafna í starfsleyfi, urðun á almennum úrgangi og geymslu ökutækja utan malbikaðs plans.

Þann 19. janúar barst stofnuninni úrbótaáætlun frá rekstraraðila. Í henni koma fram andmæli þess að almennur úrgangur sé urðaður að Strönd, og bendir rekstraraðili á að allur almennur úrgangur sé sendur til annars móttökuaðila á höfuðborgarsvæðinu og fari svo í útflutning til orkuvinnslu.

Rekstraraðili greinir frá því að úrvinnsla ökutækja fari ekki lengur fram á Strönd, eru bifreiðar settar beint í gáma og flutt beint af staðnum í útflutning. Öll meðferð og meðhöndlun á olíum og eldsneyti sem og önnur hefur verið hætt, og var staðfest í eftirliti. Þar sem bílar voru áður brotnir, voru málmar og annað hreinsað úr jarðvegi, og hann sigtaður og

hreinsaður. Rekstraraðili greinir einnig frá því að hann hefur kynnt sér nánar hvernig haga skyldi frágangi og meðferða olíu og hefur komið þeim fyrir í viðeigandi ílát og var búið að koma fyrir árekstrarvörn við úrgangsolutanka til að varna skemmdum og koma þeim úr akstursleiðum.

Rekstraraðili greinir frá að Sorpstöð Rangárvallasýslu hafi samþykkt á fundi sínum þann 23. október 2023 að ráðast í botnþéttingu á urðunarhólfi fyrir lífrænan úrgang og með því ættu þeir að geta uppfyllt skilyrði starfsleyfis. Í eftirliti var rekstraraðila bent á það að slík aðgerð sé ekki nóg til að uppfylla skilyrði starfsleyfis, því fram kemur þar að einnig skuli fara fram vöktun og söfnun á sigvatni og hauggasi sbr. gr. 3.3, kemur fram að verði heimild til urðunar lífræns úrgangs nýtt, þá ber rekstraraðila að safna hauggasi af þeim hluta urðunarsvæðis, skal setja á kerfi til að safna hauggasi sem myndast við niðurbrot lífrænna efna. Að auki skal rekstraraðili uppfylla skilyrði um urðun vegna aukaafurða dýra og afleiddum afurðum sem ekki eru ætlaðar til manneldis, sbr. rgl. nr. 674/2017 og í samræmi við innleidda rgl. Evrópuþingsins og ráðsins (EB), nr. 1069/2009. Öll förgun og notkun á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum skal vera við samræmist við þær.

Útstreymisbókhaldi var skilað þann 30. apríl sl. ásamt skráningum vegna ársins 2023. Á Strönd voru urðuð eða nýtt 2.848 t af úrgangi og var 1.778 t flutt í burtu. Alls var tekið á móti 4.626 t í heildina. Af því voru urðuð 1.336 t af óvirkum úrgangi, 769 t af lífrænum úrgangi (hræ- og sláturúrgangur). Voru urðuð um 719 t af timbri, hluti af því nýtt í jarðvegsmanir.

Af gefnu tilefni má benda að allir staðir sem taka á móti óvirkum úrgangi eru urðunarstaðir, eru hvorki fyllingastaðir, né efnislosunarstaðir. Fyllingar- og efnislosunarstaðir eru starfsleyfis- eða skráningaskyld starfsemi hjá heilbrigðiseftirliti. Öll starfsemi inn á óvirkum (og öðrum) urðunarstöðum er starfsleyfis- og eftirlitskyld hjá Umhverfisstofnun, sbr. 8. tl. II. viðauka laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Til eru leiðbeiningar um endurnýtingu úrgangs í fyllingar sem gefnar hafa verið út af Umhverfisstofnun og var kynnt í eftirliti. Nýttast leiðbeiningarnar að einhverju leyti upp um hvaða úrgangur henti til að ljúka frágangi inn á urðunarstað en að öðru leyti eiga þær við um fyllingar- og efnislosunarstaði. Ef úrgangur sem nýttur er inn á óvirkum urðunarstað er virkur, er óheimilt að taka á móti honum þar sem hann telst ekki tækur til móttöku og einnig er um urðun að ræða sbr. skilgreiningu á urðun í 3. gr. rgl. nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Óvirkur úrgangur er skilgr. í rgl. nr. 738/2003 um urðun úrgangs sem „úrgangur sem breytist ekki verulega líf-, efna- eða eðlisfræðilega og hefur ekki skaðleg áhrif á umhverfið“. Timbur telst ekki sem óvirkur úrgangur og þá sérstaklega ef um ræðir litað eða meðhöndlað timbur. Í starfsleyfi hefur rekstraraðili eingöngu heimild til að ráðstafa timbri í jarðgerð. Voru nýtt 24 t af garðaúrgangi inn á urðunarstað.

Niðurstöður á vöktun í grunnvatni eftir áætlun í starfsleyfi gefa til kynna að grunnvatn neðan urðunarstaðarins sé undir áhrifum urðunar og kemur fram í hitastigi, rafleiðni og sýrustigi sbr. skýrslu sem framkvæmd er af ráðgjafa fyrir rekstraraðila. Styrkur blýs og kadmíums mælist lítillega hærrí neðan urðunarstaðarins en í viðmiðunarholum ofan hans.

Eftir vettvangsskoðun kom fram að raflínukefli eru inn á urðunarstað og eru þar enn síðan eftirlit fór síðast fram. Sbr. fyrrgreindri úrbótaáætlun rekstraraðila átti varsla þeirra aðeins að standa yfir til skamms tíma og átti að fjarlægja þau sumarið 2024. Varsla þeirra inn á urðunarstað samræmist ekki skipulagi. Skv. rekstraraðila hefur rekstraraðili sem keflið tilheyrir komið því alfarið í hendur rekstraraðila urðunarstaðar með að finna út úr förgun eða endurnýtingaleið þess. Ljóst er að móttaka þeirra er ekki eftir skilyrðum starfsleyfis og einnig ef tekið er tillit til þyngdar þeirra þýðir að urðunarstaður er komin fram yfir móttökuheimildir starfsleyfis.

Niðurstaða áhættumats 2024 vegna Sorpstöðvar Rangárvallasýslu fellur í A flokk sem setur viðmið um tíðni eftirlits hjá rekstraraðila 2x á ári fyrir næsta eftirlitsár.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 1.2 í starfsleyfi:

Heimilt er að taka við 6.350 t af úrgangi á ári, þar af 5.200 t til meðhöndlunar á ári. Árið 2023 var í heildina tekið við 4.626 t, að auki fyrirferðamikil og stór raflínukefli sem óvíst er um þyngd þeirra og líkur á að farið sé yfir magnheimildir vegna þeirra. Hins vegar vegna eðlis úrgangsins falla þau ekki undir móttökuheimildir starfsleyfis. Óheimilt er að geyma úrgang inn á urðunarstað, annan en þann sem tilgreindur er í starfsleyfi.

gr. 1.2 í starfsleyfi, nánar tl. I:

Urðað var timbur sem ekki var nýtt í jarðgerð inn á urðunarstað og nýtt í jarðvegsmanir. Óheimilt er að urða virkan úrgang sbr. tl. 2.1 í II viðauka við rgl nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Eingöngu er heimilt að taka við timbri til jarðgerðar (hreint timbur), önnur móttaka á timbri er ekki skilgreind í starfsleyfi. Tók rekstraraðili við 719 t af timbri árið 2023.

- grein 3.3 og 5.2 í starfsleyfi: Verði heimild til urðunar lífræns úrgangs nýtt, þá ber rekstraraðila að safna sigvatni og vakta það sbr. mælingaráætlun í gr. 5.2 í starfsleyfi.
- gr. 3.4 og 5.2 í starfsleyfi: Verði heimild til urðunar lífræns úrgangs nýtt þá ber rekstraraðila að safna hauggasi af þeim hluta urðunarsvæðisins. Starfsrækja skal kerfi til að safna hauggasi sem myndast við rotnun lífrænna úrgangsefna (sjá nánari í starfsleyfi). Vakta ber hauggasið sbr. mælingaráætlun í gr. 5.2 í starfsleyfi.
- gr. 2.1 í starfsleyfi: Fara skal með allan úrgang þannig að meðhöndlun hans valdi sem minnstum óþrifnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna, ryki, ólykt eða hávaða. Magn úrgangs sem til staðar er á athafnasvæði er umfram heimildir og hafa borist ábendingar um fok úrgangsefna frá urðunarstað. Slíkt væri hægt að fyrirbyggja með því að halda magni úrgangs í lágmarki. Ber að virða móttökuskilyrði starfsleyfis eða uppfæra það eftir því sem við á (sjá nánari umfjöllun í skýrslu).
- grein 5.2 í starfsleyfi: Sjá fyrri frávík þar sem fjallað er um vöktun sigvatns og hauggass.

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir
Halla Margrét Viðarsdóttir